

króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Hins vegar verður ekki unnt að telja sannað, að ákærði hafi orðið sekur um svo „mjög vítaverðan akstur“ eða eðli brotsins sé slíkt eða framferði ákærða sem bifreiðastjóra, sbr. sakavottorð hans, að það sé „varhugavert vegna öryggis umferðarinnar“ að hann hafi ökuleyfi, og ber því að sýkna hann af kröfu ákærvaldsins um sviptingu ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifbifreiðalaga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Þór Ólafsson bifreiðarstjóri, Suðurgötu 39, Keflavík, greiði kr. 1200.00 í sekt til ríkissjóðs og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Föstudaginn 14. marz 1958.

Nr. 70/1957. **Ólafur E. Einarsson** (Gústaf Ólafsson hrl.)

gegn

H/f Eimskipafélagi Íslands

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fébótaábyrgð farmflytjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1957. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 11.050.57 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. september 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en

til vara, að honum verði aðeins dæmt að greiða kröfu áfrýjanda að hluta, enda verði þá hvorum málsaðilja gert að bera málskostnað sinn.

Það er réttilega tekið fram í hinum áfrýjaða dómi, að ákvæði c-liðar 6. gr. farmskírteinisins skipti ekki máli um skaðabótaskyldu stefnda.

Hér fyrir dómi hefur því ekki verið andmælt af hálfu stefnda, að á pakka þann, sem glataðist, hafi verið skráð á ensku og þýzku, að innihald hans væri úr og að handleika bæri hann með varúð. Þykja því ákvæði fyrri mgr. 148. gr. laga nr. 56/1914 ekki leysa stefnda undan bótaábyrgð. Samkvæmt vöruskrá nam innkaupsverð einstakra úra, sem í pakkanum voru, frá 27 til 49 þýzkum ríkismörkum. Var hér því ekki um þess háttar verðmæti að ræða, sem ákvæði síðari mgr. 148. gr. nefndra laga taka til. Ber stefnda samkvæmt þessu að bæta áfrýjanda tjón hans eftir ákvæðum 147. gr. greindra laga. Þar sem áfrýjandi hefur gert fullnægjandi grein fyrir því, að verð pakkans hafi numið fjárhæð þeirri, sem hann krefst í málinu, ber að taka kröfu hans til greina, enda hefur upphafstíma vaxta ekki verið mótmælt sérstaklega.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 3000.00.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Eimskipafélag Íslands, greiði áfrýjanda, Ólafi E. Einarssyni, kr. 11.050.57 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. september 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 31. janúar 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur Ólafur E. Einarsson stórkaupmaður, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 11. maí 1956, gegn h/f Eimskipafélagi Íslands, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð

kr. 11.050.57 auk 6% ársvaxta frá 20. september 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins. Til vara hefur stefndi mótmælt stefnukröfunni sem óhæfilega hárrí.

Málavextir kveður stefnandi þá, að á árinu 1955 hafi hann verið staddur í Þýzkalandi og keypt þar ýmiskonar glysvarning (bijouterivarer) og sýnishorn og látið senda vörur þessar til Kaupmannahafnar. Afgreiðslu á vörunum þaðan hingað til Reykjavíkur hafi afgreiðslufirmað Larsen & Rastorp í Kaupmannahöfn haft á hendi. Stefnandi kveður sér hafa verið ljóst, að meðal varanna voru litlir pakkar með verðmætu innihaldi og hafi hann því beðið fulltrúa firmans að láta þá ekki í lest, þar sem hann hafi óttast, að þeir gætu glatazt. Vörur þessar hafi síðan verið sendar hingað til lands með skipi stefnda v/s Gullfossi, er lagt hafi af stað frá Kaupmannahöfn 20. september 1955. Þegar starfsmenn afgreiðslufirmans hafi komið með vörurnar til skips, hafi þeir farið fram á að setja minnstu pakkana í herbergi stefnanda og sonar hans, er höfðu tekið sér far með skipinu, en þessu hafi verið neitað af starfsmönnum stefnda og þess krafizt, að pakkarnir yrðu settir í lest ásamt hinum vörunum. Hafi það verið gert. Er v/s Gullfoss kom til Reykjavíkur, hafi vantað einn pakka, er í hafi verið úrasýnishorn, en pakki þessi hafi verið merktur 941 á farmskírteini yfir vörurnar. Þá hafi hann og verið auðkenndur með nafni seljanda, „Basi-Uhren“, svo og nafni viðtakanda og í bréfi frá seljanda til stefnanda, dagsettu 20. júlí f. á., segir, að utan á pakkanum hafi staðið bæði á ensku og þýzku: „Innihald: Úr. Handleikið með varúð“.

Stefnandi kveður, að í umræddum pakka hafi verið 45 úr að verðmæti, að meðtöldu 71% bátagaldeyrisálagi, kr. 11.050.57. Reisir hann dómkröfur sínar á því, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart sér um þá fjárhæð, þar sem pakkinn hafi glatazt í flutningi með skipi stefnda, og enda þótt hann hafi borið greinilega með sér, hvert var innihald hans.

Stefndi hefur ekki véfengt það, að umræddur pakki hafi glatazt í flutningum hingað til lands. Hins vegar reisir hann kröfu sína um sýknu á ákvæðum 148. gr. siglingalaganna svo og á ákvæðum farmskírteinisins yfir vörurnar, sérstaklega c-lið 6. gr. þess. Kveður hann það viðtekna reglu um heim allan, að þegar sendar séu með skipi vörur, sem þurfa sérstakrar umönnunar

og gæzlu, þá sé sendanda skylt að skýra frá þessu og einkenna vörurnar glögglega. Eigi þetta þó sérstaklega við um peninga, verðbréf og aðra dýrgrip. Í því tilviki, sem hér um ræðir, hafi sendandi eða umboðsmaður hans algerlega vanrækt þessa sjálf-sögðu skyldu. Afgreiðslu Eimskipafélagsins í Kaupmannahöfn eða yfirmönnum v/s Gullfoss hafi engin tilkynning borizt um, að stefnandi hefði sent úr með skipinu og beri farmskírteinið þetta greinilega með sér. Ef vitneskja hefði borizt um þetta, hefðu úrin að sjálf-sögðu verið látin í sérstaka geymslu og þeirra gætt, eins og vera ber um verðmiklar vörur. Afleiðing þeirrar vanrækslu stefnanda að tilkynna ekki, að úr væru í vörusendingunni, sé sú, að stefnandi eigi engan rétt til skaðabóta vegna missis þeirra.

Ákvæði c-liðs 6. gr. farmskírteinisins virðist ekki eiga hér við, heldur mun því ætlað að taka til þess, hvernig ákveða skuli farmgjald fyrir verðmiklar vörur.

Ákvæði 148. gr. siglingalaganna eru svohljóðandi: „Ef sendur er með skipi farmur, sem þarf við sérstakrar umönnunar og gætilegrar meðferðar, skal skipstjóra sagt til þess og góssið glögglega einkennt í þá átt. Nú er það vanrækt, og greiðir farmflytjandi þá engar bætur fyrir skaða, sem einungis varð girt fyrir með umönnun þeirri og varfærni, sem nefnd var. Ekki skal bæta peninga, verðbréf eða aðra dýrgrip, nema sagt sé til þeirra greinilega og hversu mikils eru verðir.“

Í farmskírteini yfir vörur þær, sem stefnandi sendi með áðurgreindri ferð v/s Gullfoss, og er umræddur pakki nr. 941 þar með talinn, segir, að tekið sé til flutnings 16 stykki af glysvarningi og ýmsum sýnishornum (Bijouterivarer & div. próver) og 6 pakkar af sama varningi og verð ekki tilgreint. Ósannað er gegn mótmælum stefnda, að afgreiðslu hans í Kaupmannahöfn eða yfirmönnum skipsins hafi verið veitt vitneskja um, að úr eða aðrar verðmætar vörur væru meðal vara þessara. Höfðu því fyrirsvarsmenn stefnda fulla ástæðu til að ætla, að hér væri um verðlitlar vörur að ræða, er ekki þyrftu sérstakrar gæzlu eða umönnunar við.

Að þessu athuguðu og með vísan til ákvæða 148. greinar siglingalaganna, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt samdómendunum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Óskari A. Gíslasyni fulltrúa.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólafs E. Einarssonar, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Föstudaginn 14. marz 1958.

Nr. 15/1958. **Ákærvaldið** (Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Sverri Einarssyni (Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Áfengisлага- og bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið áfrýjað einungis að því er varðar ákærða, Sverri Einarsson.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Ákærði, Sverrir Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Ragnars Jónssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.